

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 119/1988. **Oddur Vífilsson**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Veitingahúsinu Álfabakka 8 hf.

(Hákon Árnason hrl.)

og gagnsök.

Skaðabætur. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða „skaða- og miskabætur“, að fjárhæð 24.497.742,00 krónur, með 27% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1987, en með áframhaldandi dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Vöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1987. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál fyrir Hæstarétti.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 11. nóvember 1988 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti 11. nóvember 1988.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. maí 1988. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann, að sök verði skipt og úr kröfum aðaláfrýjanda stórlega dregið og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður útreikningur Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 8. september 1989 á örorkutjóni aðaláfrýjanda. Segir þar m.a. svo:

„Við eftirfarandi útreikning er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á kauptöxtum síðan í janúar 1988, að með talinni um saminni hækkun 1. nóvember nk. Enn fremur er höfð hliðsjón af upplýsingum kjararannsóknarnefndar um launaþróun árin 1986 - 1988, og hefur það nokkur áhrif á tekjuáætlunina frá og með árinu 1987. Þá er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á bótafjárhæðum almannatrygginga, og gert er ráð fyrir hækkun þeirra bóta 1. nóvember nk. til samræmis við um samda hækkun launa.

Vextir eru nú reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreikningsdags 8/9 1989 er að beiðni yðar reiknað með almennum einföldum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar. Breytingar frá útreikningnum 11/1 1988 felast hér í því, að útreikningsdagur er nú annar.

Þegar tillit er tekið til fyrrgreindra launabreytinga, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningum, verða sem hér segir:

Árið 1986 frá slysdegi	kr. 1.080.652,00
“ 1987	“ 1.461.940,00
“ 1988	“ 1.816.080,00
“ 1989	“ 2.005.205,00
Eftir þann tíma	kr. 2.144.956,00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og 100% tekjutap frá slysdegi reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema 25.991.120,00 krónum.

Með áðurnefndum hækkunum á bótum almannatrygginga verða árlegar fjárhæðir almenns örorkulífeyris og óskertrar tekjutryggingar sem hér segir:

	Alm. örorku- lífeyrir kr.	Óskert tekju- trygging kr.
Árið 1987, júní - des.	93.790,00	162.888,00
“ 1988	110.398,00	198.743,00
“ 1989	122.340,00	228.003,00
Eftir þann tíma	130.500,00	240.084,00

Þegar reiknað er með greiðslu þessara bóta frá 1. júní 1987 til 67 ára aldurs Odds, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Verðmæti almenns örorkulífeyris	1.487.247,00 kr.
Verðmæti óskertrar tekjutryggingar	2.729.929,00 kr.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem greint er frá hér að framan, er skírskotað til fyrri útreikninga.“

Þá hefur aðaláfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt vottorð Hjördísar Jónsdóttur, sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, 15. september 1989, svohljóðandi:

„Sjá fyrri vottorð varðandi Odd, dagsett 9.12. '86 og 5.1. '88.

Oddur dvaldist á Reykjalundi frá 20.7. '86 til 22.5. '88. Hann hefur síðan búið á heimili foreldra sinna. Hann vinnur hálfan daginn í verndaðri vinnu í Múlalundi. Foreldrar hans aka honum til og frá vinnu.

Nýlegt mat á Oddi sýnir, að líkamlegt og andlegt atgervi er óbreytt, frá því er hann dvaldist á Reykjalundi.

Hann er með hæ. helftarlömum, gengur haltur með því að sveifla fætinum og hefur engin not af hendinni, er með sjónskerðingu. Mikil andleg skerðing eins og fyrr; hefur ekkert nothæft tal og getur hvorki skrifað né reiknað.

Fötlun Odds er því óbreytt, hann getur aðeins búið í vernduðu umhverfi og stundað verndaða vinnu. Nú eru rúm þrjú ár frá slysinu og ekki neins bata að vænta.“

Gagnáfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt svohljóðandi útreikning Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 13. september 1989 á verðmæti örorkulífeyris, sem aðaláfrýjandi nýtur úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða:

„Í sambandi við mál Odds Vífilssonar, Kleppsvegi 118, Reykjavík, vegna slyss þess, er hann varð fyrir 2. júní 1986, sbr. tjónsútreikninga mína frá 2/3 1987, 11/1 1988 og 8/9 1989, hefur mér borist beiðni yðar um, að örorkulífeyrir, sem Oddur nýtur úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða, verði reiknaður til fjár.

Samkvæmt upplýsingum Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða í bréfi, dags. 7. þ.m., miðast örorkulífeyrir Odds úr sjóðnum við 55,652 stig (áunnin og framreiknuð). Hefur hann notið lífeyris frá

1.nóvember 1986, og nam greiðsla á því ári 43.631,00 krónu. Miðað við þessar upplýsingar reiknast mér fjárhæð örorkulífeyris verða sem hér segir:

Árið 1986, nóv. - des.	kr.	43.631,00
“ 1987	“	336.084,00
“ 1988	“	396.397,00
“ 1989	“	446.619,00
Eftir þann tíma á ári	“	483.996,00

Hér hefur verið reiknað með hækkun lífeyris 1. nóvember nk. til samræmis við um samda almenna hækkun launa, sbr. tjónsút-reikning minn frá 8. þ.m. Þá er reiknað með núgildandi reglum sjóðsins um verðtryggingu lífeyris, en þar er um að ræða ákvæði til bráðabirgða.

Þegar reiknað er með greiðslu fyrrgreinds lífeyris frá 1. nóvember 1986 til 70 ára aldurs Odds, er ellilífeyrir tekur við, reiknast mér verðmæti örorkulífeyrisins á slysdegi nema 5.712.238,00 krónum.

Vaxtareikningur er í samræmi við tjónsútreikninginn frá 8. þ.m., og útreikningsdagur er hér hinn sami, þ.e. 8. september 1989. Um aðrar forsendur er skírskotað til áður nefndra tjónsútreikninga.“

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur 1. september 1989, en þá báru vitni Trausti Laufdal Jónsson byggingaæftirlitsmaður og Hörður Guð-laugsson blikksmiður.

II.

Aðaláfrýjandi rekur veitingahúsið „Broadway“ að Álfabakka 8, þar sem aðaláfrýjandi varð fyrir slysi því, sem hér er fjallað um. Gestum er seldur aðgangur að veitingasölum hússins. Sala áfengis er þáttur í rekstri veitingastaðarins.

Dansgólf staðarins, sem er á upphækkuðum palli, er í um 90 cm hæð frá gólfi í borðsal. Handrið, um 90 cm hátt, er umhverfis dansgólfið. Á tveimur stöðum er gengið um stiga úr borðsal í sal undir dansgólfinu. Varð slysið við annan þessara stiga. Er hæðarmunur gólfflata sala þessara um 1.95 m. Handrið, um 90 cm hátt, er umhverfis dansgólfið. Hæð frá efri brún handriðsins umhverfis dansgólf niður á gólf salarins undir því er því um 3.75 m, og er þar

um mikinn og hættulegan hæðarmun að ræða. Fram er komið, að tvisvar áður hafa orðið slys, er gestir veitingahússins féllu af dansgólfinu yfir handriðið, í annað skiptið á sama stað og aðaláfrýjandi féll. Var handriðið þá um 75 cm hátt, en var eftir það hækkað í 90 cm, en á þeim tveimur stöðum, þar sem gengið er í sal undir dansgólfinu, hafði handriðið áður verið hækkað á stuttum kafla með sérstökum útbúnaði í um 117,5 cm. Er aðaláfrýjandi slasaðist, hafði þessi sérstaki útbúnaður verið fjarlægður, og var handriðið, þar sem hann féll, um 90 cm hátt.

Telja verður fram komið, að það hafi tíðkast, að gestir á dansgólfi tylltu sér á handriðið umhverfis það. Með tilliti til þessa og þeirra slysa, sem áður höfðu orðið, mátti fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda vera ljóst, að handriðið var ófullnægjandi vörn fyrir gesti á dansgólfinu. Þeir höfðu og gert sér grein fyrir þessu, er þeir létu setja upp sérstakan búnað til að hækka handriðið á tveimur stöðum í um 117,5 cm. Það var því með öllu óforsvaranlegt að láta fjarlægja þennan umbúnað, svo sem gert hafði verið, er aðaláfrýjandi slasaðist. Verður að telja, að til þess megi rekja orsök slyssins.

Það er fram komið, að aðaláfrýjandi hafði tyllt sér á handriðið umhverfis dansgólfið. Þá gefur framburður vitna og til kynna, að hann hafi jafnframt sveiflað fótunum. Sýndi hann óaðgæslu með því. Hvað sem því líður, verður að telja, að sú ráðstöfun að fjarlægja útbúnað þann, sem hækkaði handriðið í 117,5 cm, þar sem aðaláfrýjandi féll, hafi verið svo vítavert athæfi, að fella verði á gagnáfrýjanda fulla fébótaábyrgð í máli þessu þrátt fyrir nokkurt gáleysi aðaláfrýjanda.

III.

Krafa aðaláfrýjanda er sundurliðuð þannig:

„Örorkutjón skv. útreikningi	kr. 25.991.120,00
Frádráttur vegna bóta almannatrygginga	“ 1.800.000,00
	kr. 24.191.120,00
Frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis 7%	“ 1.693.378,00
	kr. 22.497.742,00

Miskabætur

“ 2.000.000,00

Kr. 24.497.742,00

Gagnáfrýjandi mótmælir fjárhæðum í kröfugerð aðaláfrýjanda sem of háum.

Um örorkutjón.

Þessi kröfuliður er byggður á útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 8. september 1989.

Samkvæmt ódagsettu bréfi Guðjóns til lögmanns aðaláfrýjanda mun lífeyrir sá, er aðaláfrýjandi fær úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða, skerða stórlega tekjutryggingu, er hann nýtur frá almannatryggingum. Útreikningur á þessu liggur ekki fyrir.

Þegar framanskráð er virt. hliðsjón höfð samkvæmt dómvenju af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, tillit tekið til verðmætis örorkulífeyris frá almannatryggingum og litið til lífeyrisréttinda, er aðaláfrýjandi nýtur úr lífeyrissjóði, þykir örorkutjón hans hæfilega metið 14.000.000.00 krónur.

Um miskabætur.

Þegar litið er til hinna alvarlegu afleiðinga slyss þess, sem aðaláfrýjandi varð fyrir, verða miskabætur ákveðnar 1.200.000,00 krónur.

IV.

Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 15.200.000,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir, en þeir eru í samræmi við vexti í örorkuútreikningi fram til dómsuppsögudags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 720.000,00 krónur í málskostnað í héraði að sölugjaldi með töldu.

Gagnáfrýjandi greiði í ríkissjóð 975.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að sölugjaldi með töldu. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 800.000,00 krónur. Er þá sölugjald ekki með talið.

Gagnáfrýjandi, Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., greiði aðaláfrýjanda, Oddi Vífilssyni, 15.200.000,00 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. til 31. október 1987, 20% frá 1. til 20. nóvember 1987, 22% frá 21. nóvember 1987 til 10. febrúar 1988, 23% frá 11. til 20. febrúar 1988, 22% frá 21. til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 10. júní 1988, 23% frá 11. til 20. júní 1988, 24% frá 21. júní 1988 til 31. júlí 1988, 26% frá 1. til 20. ágúst 1988, 22% frá 21. til 31. ágúst 1988, 12% frá 1. september 1988 til 10. október 1988, 9% frá 11. til 20. október 1988, 6% frá 21. október 1988 til 30. nóvember 1988, 4% frá 1. desember 1988 til 20. janúar 1989, 6% frá 21. til 31. janúar 1989, 8% frá 1. til 28. febrúar 1989, 10% frá 1. til 20. mars 1989, 13% frá 21. mars til 10. apríl 1989, 15% frá 11. apríl 1989 til 10. júní 1989, 17% frá 11. júní 1989 til 20. júlí 1989, 12% frá 21. til 31. júlí 1989, 10% frá 1. til 31. ágúst 1989, 6% frá 1. til 20. september 1989, 8% frá 21. september 1989 til 17. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 720.000,00 krónur í málskostnað í héraði.

Gagnáfrýjandi greiði í ríkissjóð 975.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 800.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Pórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og
Gunnars M. Guðmundssonar, setts hæstaréttardómara.**

Forsvarsmönnum gagnáfrýjanda bar að sjá til þess, að viðhlítandi öryggisráðstafanir væru gerðar til að koma í veg fyrir slys á umræddum danspalli. Aðstæður voru þannig, að nauðsynlegt var, að hærra handrið en 90 sentimetrar væri á þeim tveimur stöðum á pallinum, þar sem stigar voru neðan við hann, því að þar var hæð niður af pallinum margfalt meiri en annars staðar. Ljóst mátti vera, að handriðið var þar hættulega lágt, enda við reynslu að styðjast í því efni vegna slysa, er áður höfðu orðið. Var ámælisvert að fjarlægja þá hækkun handriðsins, sem þar hafði áður verið komið fyrir af brýnu tilefni.

Með framburði vitna er leitt í ljós, að aðaláfrýjandi sat á handriðinu með fætur á hreyfingu, áður en hann féll niður af pallinum. Það var gálauslegt tiltæki. Handriðið var við svo búið ekki lengur vörn gegn falli niður af pallinum. Þvert á móti stafaði af því mikil hætta fyrir aðaláfrýjanda, því að lítt var á valdi hans, hvort hann héldi jafnvægi á handriðinu eða félli aftur yfir sig niður í stigann, sem var hátt í fjögurra metra fall. Jók það enn hættuna, sem aðaláfrýjanda var búin, að handlistinn, sem hann sat á, var sívöl krómpípa, einungis tæpir fjórir sentimetrar í þvermál.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er bæði við forráðamenn gagnáfrýjanda og aðaláfrýjanda sjálfan að sakast um slysið. Eftir atvikum má fallast á niðurstöðu héraðsdómara um skiptingu sakar. Ber því gagnáfrýjanda að bæta að hálfu tjón aðaláfrýjanda af völdum slyssins.

Við erum sammála meiri hluta dómara um mat á tjóninu. Ber gagnáfrýjanda að bæta helming þess, 7.600.000,00 krónur, með vöxtum eins og greinir í atkvæði meiri hlutans. Við teljum, að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um málskostnað, svo að sölugjald er með talið. Málskostnað fyrir Hæstarétti teljum við hæfilega ákveðinn 560.856,00 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmans, 480.000,00 krónur. Er þá sölugjald ekki með talið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 20. maí 1987.

Stefnandi er Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. f.h. Odds Vífilssonar, nnr. 6703-9874, Norðurbrún 36, Reykjavík.

Stefnda er Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., nnr. 9162-8783, Álfabakka 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda greiði skaða- og miskabætur, að fjárhæð 25.000.000,00 kr., með 27% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1987, en með áframhaldandi dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Vöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1987. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og til dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

I.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skaða- og miskabætur vegna mjög alvarlegs slyss, er stefnandi varð fyrir í veitingahúsi stefnda, „Broadway“, að Álfabakka 8, hér í borg, aðfaranótt sunnudags 1. júní 1986. Í slysinu hlaut stefnandi svo alvarlegan heilaáverka, að hann er talinn hafa glatað allri starfsorku sinni. Stefnandi var 24 ára gamall, þegar slysið varð, f. 4. janúar 1962, bifvélavirkjameistari að mennt og starfaði við bifreiða-viðgerðir hjá steypustöð B.M. Vallá.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að kl. 2.30 um nóttina hafi hann verið staddur á dansgólfi staðarins, en það sé á upphækkuðum palli. Umhverfis danspallinn hafi verið handrið úr krómuðum rörum, 90 cm á hæð, miðað við gólfflöt danspallsins. Á tveimur stöðum við þennan upphækkaða danspall hagi svo til, að þar séu stigar niður í salarrými undir danspallinum. Hæð frá efri brún handriðs og niður á gólfflöt salarins undir danspallinum sé u.þ.b. 3,60 m. Þegar slysið varð, hafi stefnandi verið staddur á danspallinum beint ofan við annan þessara stiga. Hann hafi fallið aftur fyrir sig yfir handriðið og lent á höfðinu neðst í stiganum.

Ýtarleg lögreglurannsókn hafi verið gerð á slysinu af hálfu Rannsóknar-lögreglu ríkisins. Í skýrslunni komi fram upplýsingar um, hvernig slysið hafi orðið, og afleiðingar þess.

Upplýst sé í málinu, að áður hafi orðið slys á fólki, sem fallið hafi yfir handriðið á dansgólfinu í veitingahúsinu. Meðal annars hafi kona, Rut að nafni, fallið yfir handriðið og ofan í stigann á sama stað og stefnandi 9.

febrúar 1986 og meiddst alvarlega. Þegar það slys varð, muni hæðin á handriðinu raunar aðeins hafa verið 75 cm. Hafi verið búið að hækka handriðið í 90 cm, þegar stefnandi varð fyrir slysinu. Fleiri dæmi séu til um slys á fólki við handrið þetta, áður en slys stefnanda varð.

Eftir að slysið varð, sem hér sé fjallað um, muni hafa verið sett sérstök upphækkun á handriðið ofan við stigann. Heildarhæð handriðsins hafi við þetta orðið 117,5 cm á þessum stað, mælt frá gólfi danspallsins.

Dómkröfur stefnanda eru á því reistar, að slysið eigi rót sína að rekja til þess, að umbúnaður á danspallinum við stigann, sem stefnandi féll ofan í, hafi verið óforsvaranlegur. Handriðið hefði m.a. átt að vera hærri, til þess að ekki væri hætta á, að fólk félli af dansgólfinu og yfir handriðið. Eftirtalin atriði hafi gert skyldur stefnda í þessu efni sérstaklega ríkar:

1. Stefnda selji áfengi á skemmtisamkomum í veitingahúsi sínu. Megi því búast við, að gestir í húsinu séu meira og minna ölvaðir, meðan þeir hafist við þar inni, og því verr í stakk búnir til að varast hættur en annars væri.

2. Um sé að ræða brún á danspalli, þar sem fólk er á ferð og flugi í dansi. Við slíkar aðstæður sé sérstök hætta á, að fólk falli yfir handriðið.

3. Stefnda hafi oftlega fyrir slysið fengið sérstök tilefni til að veita hættuástandinu sérstaklega athygli og ráða bót á því með þeim hætti, að engin hætta væri á slysum af því tagi, sem stefnandi varð fyrir. Liggi fyrir upplýsingar um önnur slys við handriðið, sem hafi gefið stefnda slík tilefni. Hækkun handriðsins úr 75 cm í 90 cm eftir fyrra slys hafi verið alls ófullnægjandi aðgerð.

4. Í byggingarreglugerð nr. 292/1979 sé ekki að finna nein ákvæði, sem mæli fyrir um hæð handriða við svo háskalegar aðstæður sem eru á danspalli vinveitingahúss. Af ákvæðum 8.2.1.32, 8.2.1.34 og 8.2.2.38 megi þó óyggjandi ráða, að handriðið hjá stefnda var allt of lágt. Er í þessum greinum m.a. mælt fyrir um a.m.k. 120 cm hátt handrið við miklu hættuminni aðstæður en hér var um að ræða. Stefnandi bendir svo að auki á, að jafnvel þótt ófullnægjandi kröfur til öryggis séu gerðar í byggingarlöggjöf og af yfirvöldum byggingarmála, leysi það stefnda ekki undan skyldu um það gagnvart gestum veitingahússins, að gætt sé fyllsta öryggis þar inni.

Af málsatvikum telur stefnandi ljóst, að vanbúnaði veitingahússins sé um að kenna, að slysið varð. Beri stefnda bótaábyrgð vegna þess vanbúnaðar án tillits til þess, hvort starfsmönnum stefnda verði gefið að sök að hafa ekki bætt úr. Hér bætist það svo við, að forsvarsmönnum stefnda verður beinlinis metið það til sakar að hafa ekki tryggt öryggi þeirra, sem um danspallinn fóru, þar sem þeir gerðu ekki viðhlítandi ráðstafanir til varnar við slysum, eftir að slys höfðu orðið hvað eftir annað.

Ekki verði hér talið, að stefnanda verði að neinu leyti sjálfum kennt um

slysið. Fram hafi komið í málinu vitnisburður um, að stefnandi hafi sest upp á handriðið og sveiflað fótum fram á við. Framburður um þetta sé hins vegar ótryggur, og verði ekki neitt fullyrt nú um nákvæm atvik að slysinu að þessu leyti. Sé því í sjálfu sér mótmælt, að það teljist sannað í málinu, að stefnandi hafi setið á handriðinu. En jafnvel þótt til grundvallar yrði lagt, að slysið hefði orðið með þessum hætti, breyti það engu um bótaskyldu stefnda. Háttsemi stefnanda væri þá ekkert frábrugðin því, sem stefnda gat búist við af ungu fólki, sem komið var í húsið til að skemmta sér undir áfengisáhrifum. Skuli þá haft í huga, að uppi á danspallinum voru engin sérstök ummerki um, hvar við handriðið fallið væri hæst niður, þ.e.a.s. handriðið hafi verið eins allan hringinn, þó að á tveimur stöðum væru sérstakar slysgildrur (þ.e. stigarnir niður í rýmið undir pallinum). Hönnun handriðanna hafi líka verið með þeim hætti, að þau buðu sérstaklega upp á, að gestir settust á þau. Hefði verið eðlilegt að hafa lóðréttar rimar á handriðinu til að varna slíku. Muni vera algengt, að stefnda selji svo mörgum aðgang að húsi sínu í einu, að ekki hafi allir sæti í húsinu. Það auki hættuna á, að gestir tylli sér þar, sem handhægt er, t.d. á handriðið umhverfis dansgólfið.

Metin hafi verið örorka stefnanda vegna slyssins. Sé hún talin 100% frá slysdegi. Stefnumkrafan sé því krafa vegna örorkutjóns stefnanda og miska.

Lögmaður stefnanda leggur áherslu á, að í rekstri málsins hafi komið í ljós, að sérstök upphækkun úr sams konar krómuðum rörum og handriðið hafi verið sett á og við handriðið á þessum tveimur stöðum á dansgólfinu fyrir ofan stigana. Hæð þessarar sérstöku upphækkunar sé 120 cm, og sé hún á breidd eins og stigarnir. Þessar sérstöku upphækkanir séu skráfaðar utan á handriðið eftir slys Rutar í febrúar 1986, en hafi ekki verið þar, þegar Oddur slasaðist. Þá hafi einfaldlega verið búið að fjarlægja þær, en þær hafi verið settar aftur upp eftir slys Odds og séu þar nú. Upplýst sé, að þessar sérstöku upphækkanir hafi verið settar gagnert vegna öryggis gestanna til þess að draga úr hættu á falli á þessum stöðum. Þetta sýni, að stefnda hafi gert sér grein fyrir hættunni á því, að gestir féllu þarna niður, og gert sérstakar ráðstafanir, sem síðan hafi verið fjarlægðar, og þá hafi slys stefnanda orðið.

II.

Stefnda styður kröfur sínar með því að lýsa málsatvikum þannig, að upplýst sé með vitnaframburði, að stefnandi hafi sest þannig á handriðið á danspallinum, að hann sneri baki í niðurganginn undir danspallinum. Stefnandi hafi síðan tekið að sveifla út höndum og fótum og við það misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig af handriðinu niður í stigann. Handriðið hafi verið í tilskilinni hæð samkvæmt kröfu yfirvalda, 90 cm. Engar

athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu yfirvalda við stiganiðurgang og umbúnað á danspalli, hvorki fyrir né eftir slys stefnanda. Sjálfstæðir, faglærðir verktakar hafi verið launaðir af hálfu stefnda til að hanna og reisa veitingahúsið, innréttingar þess og búnað. Af hálfu stefnda hafi sérstakar ráðstafanir verið gerðar eftir slys Rutar í febrúar 1986, en það hafi orðið með þeim hætti, að hún var að dansa á dansgólfinu, missti jafnvægið og féll yfir handriðið, sem þá hafi eingöngu verið 75 cm á hæð. Forsvarsmenn stefnda hafi þá séð, að sérstakar ráðstafanir þyrfti að gera vegna hættunnar, sem orðið gæti í dansi, og látið hækka handriðið í 90 cm og setja sérstaka hækkun í 120 cm. Hins vegar hafi ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að varna því, að fólk gæti sest á handriðið.

Aðalkrafa stefnda sé á því reist, að það beri að lögum enga bótaábyrgð á slysi stefnanda, sem sjálfur hafi valdið slysi sínu með stórfelldu gáleysi. Í þessu efni sé bent á eftirfarandi.

Í fyrsta lagi sé búnaður veitingahússins, þ.m.t. hæð og gerð handriðsins umhverfis danspallinn, ekki orsök slyssins, heldur eingöngu þær gálausu athafnir stefnanda sjálfs að setjast upp á handriðið og baða þar út öngum, svo sem sannað sé með vitnaframburði. Skipti því engum sköpum um slysið, hvort handriðið hafi verið 75 cm, 90 cm eða 120 cm á hæð og með lóðréttum rimum eða ekki, enda hafi stefnandi ekki fallið yfir handriðið, heldur niður af því, eftir að hann hafði sest upp á það, en það gat hann gert, hvort sem handriðið var 75 cm, 90 cm eða 120 cm og með lóðréttum rimum eða ekki. Umferð um danspallinn eða aðrar aðstæður í veitingahúsinu hafi engan þátt átt í falli stefnanda. Slysið hafi því ekki hlotist af búnaði veitingahússins eða aðstæðum þar, er slysið varð, heldur einungis af eigin athöfnum stefnanda. Leiði það þegar til sýknu.

Handriðið hafi sem slíkt fullnægt kröfum byggingaryfirvalda og ákvæðum byggingarreglugerðar, nr. 292/1979, en forsvarsmenn stefnda höfðu að kröfu yfirvalda látið hækka handriðið fyrir slysið, frá því sem var í öndverðu. Allur búnaður veitingahússins, þ. á m. handriðið og hækkun þess, hafi verið hannaður, uppsettur og endurbættur af sjálfstæðum, faglærðum verktökum. Beri stefnda því hvorki sakar- né annars konar bótaábyrgð út af handriðinu eða öðrum búnaði hússins, jafnvel þótt talið yrði, að betur hefði mátt gera til varnar við slysum og slys stefnanda mætti rekja til vanbúnaðar, en það sé ósannað.

Eftir hækkunina hafi handriðið og aðrar aðstæður við danspallinn ekkert verið varhugaverðari en hvar annars staðar, þar sem handrið séu notuð og fólk saman komið, t.d. í íbúðum, skólum, verslunum eða á hótélum. Hverjum manni séu kunn úr daglegu lífi handrið og fallhætta af þeim, ef upp á þau er sest, svo sem við stiga eða á svölum, og ekki sé áfengisneysla bundin við skemmtistaði eða vínveitingahús einvörðungu. Gæti fall

með þeim hætti, er stefnandi varð fyrir, orðið af hvaða handriði sem væri og hvort sem áfengi væri með í för eða ekki. Fari því þannig fjarri, að umbúnaður á danspallinum hafi verið óforsvaranlegur og að slysið verði rakið til þess. Þess megi geta, að handriðið hafi verið sérlega illa til þess fallið að setjast upp á það, þar sem það var úr sívölum, krómuðum pípum og erfitt að halda á því jafnvægi. Sé alrangt hjá stefnanda, að handriðið hafi boðið sérstaklega upp á, að gestir settust á það. Öllum mönnum, drukknnum sem ódrukknnum, mátti vera augljós hættan af því að setjast upp á handriðið, ekki síst fyrir ofan stiganiðurgangana, sem blöstu þarna við. Hafi því ekki verið þörf sérstaks umframbúnaðar handriðsins eða varúðarmerkja á þeim stöðum frekar en öðrum. Valdi það engum bótaskyldu, þó að hann hafi ekki með sérstökum öryggisráðstöfunum komið í veg fyrir alla möguleika á því, að menn geti vísitandi sett sig í slysahettu, svo sem stefnandi hafi gert. Séu kröfur stefnanda um frekari öryggisráðstafanir en fyrir voru því út í hött.

Með atferli sínu hafi stefnandi hins vegar tekið mikla áhættu og sýnt af sér stórfellt gáleysi, og eigi hann ekki um slysið að sakast við aðra en sjálfan sig. Breyti hér engu um, hvort stefnandi var undir áfengisáhrifum eða ekki, enda áfengisneysla stefnanda á hans eigin ábyrgð og áhættu. Stefnandi hafi verið fulltíða maður, er slysið varð, og mátti gerla gera sér grein fyrir slysahettu samfara áfengisneyslu og því að setjast upp á handriðið með þeim hætti, sem hann gerði. Séu því að öllu virtu engin efni til að fella bótaábyrgð á stefnda.

Varakrafa sé þó sett fram ex tuto. Varakrafan sé á því reist, að stefnandi hafi með gáleysi sínu orðið frumvaldur að slysinu og eigi á því meginsök. Verði stefnandi því í öllum tilvikum að bera meginhluta tjóns síns sjálfur. Vísist um röksemdir fyrir eigin sök stefnanda til þess, sem reifað sé hér að framan í því efni.

Stefnda leggur áherslu á það, að dómar Hæstaréttar í skaðabótamálum vegna slysa í tengslum við búnað fasteigna sýni ótvíðrætt, að sakarmatið snúist um það, hvort umbúnaður hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir eða ekki. Unnt sé að gera þær kröfur til húseigenda, að fasteignir fullnægi hlutaðeigandi reglugerðum, en lengra sé ekki unnt að ganga, og í dómum sé ekki sagt, að meira hefði átt að gera en lög og reglur segi til um. Hér sé upplýst, að handriðið hafi verið í samræmi við byggingarreglugerð og enginn vanbúnaður hafi átt þátt í slysinu. Ekki skipti hér máli, hvort hin sérstaka hækkun í 120 cm hefði verið á staðnum. Stefnandi hefði getað sest til hliðar við hana og fallið á sama hátt aftur fyrir sig, og afleiðingarnar hefðu getað orðið hinar sömu.

Stefnda heldur því og fram, að örorkutjónskrafa stefnanda sé langt umfram niðurstöður fram lagðs líkindareiknings og beri þegar að lækka

sem því nemur. Þá beri að virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna, en miska sé sérkrafist í málinu og því í raun tvíkrafist. Einnig beri að draga frá slysdagsverðmæti þeirra bóta, sem stefnandi eigi rétt til úr sjúkrasamlagi, Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóði, og vegna skattfrelsis bótanna beri að draga frá þann hluta þeirra, er ella gengi til opinberra gjalda. Loks beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu skaðabótanna og líta til þess, að eins og högum stefnanda virðist komið, eigi hann rétt til opinbers framfæris til frambúðar og þarfnist eigi vinnutekna til framfærslu. Sé ljóst af framangreindu, að rauntjón stefnanda sé mun minna en ætla mætti af örorkumati og líkindareikningi. Þá verði sérstaklega að mótmæla þeim málalítilbúnaði stefnanda að tvíverðtryggja kröfur sínar, annars vegar með verðbótum, inniföldum í vaxta- og vaxta-vaxtakröfum frá slysdagi, og hins vegar með hækkuðum tjónsútreikningum vegna verðrýrnunar krónunnar. Leiði slíkt til rangrar kröfugerðar og hagnaðar á tjóninu, sem sé andstætt grundvallarreglum skaðabótaréttar.

Miskabótakröfu verði einnig að mótmæla sérstaklega sem allt of hárrí. Verði eigi fram hjá því gengið, að samkvæmt handbærum læknisfræðilegum gögnum hafi greind, minni og vitundarstarfsemi stefnanda, auk líkamlegrar bæklunar, skerst í þeim mæli, að hann sé lítt eða ekki vitandi um þá röskun á lífsgæðum, stöðu og högum, sem hann hafi orðið fyrir, jafnframt því sem hann sé ófær um að njóta miskabóta í staðinn, og myndu slíkar bætur því að mestu leyti koma vandamönnum stefnanda að notum fremur en honum sjálfum. Séu þannig ekki forsendur fyrir miskabótum til stefnanda nema í mjög takmörkuðum mæli, og beri að stórlækka miskabótakröfuna með hliðsjón af þessu.

Vaxtakröfum stefnanda af um stefndum bótum sé andmælt. Skv. dómvenju dæmist einfaldir og almennir innlánsvextir á skaðabætur fyrir líkamstjón. Eigi vaxtavextir og dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, því hér ekki við, sbr. 3. gr. laganna. Þá heimili hvorki lög né dómvenja vaxtatöku af dæmdum málskostnaði, svo sem stefnandi krefst.

III.

Þegar stefnandi féll aftur fyrir sig af handriðinu á danshallinum í veitingahúsinu „Broadway“, voru á dansgólfinu m.a. þrjú pör, sem voru saman í veitingahúsinu um kvöldið, þau Rósa Ólafsdóttir og Ellert Sigurður Markússon, Helga Guðmundsdóttir og Þórir Ólafsson og Guðný Ólafsdóttir og Snorri Þór Snorrason. Þau gáfu skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og öll nema Snorri Þór hér fyrir dómi einnig.

Af framburði vitna þessara verður að telja upplýst, að algengt hafi verið, að fólk tyllti sér á handriðið á dansgólfinu og settist á það, að stefnandi hafi sest á handriðið, og einnig, að stefnandi hafi lyft báðum fótum beinum

frá handriðinu, eins og hann væri þarna að dilla sér í takt við hljómlistina, og að þá hafi hann skyndilega misst jafnvægið og fallið aftur á bak. Aðspurð kváðust vitnin ekki hafa séð, að neinn á dansgólfinu hefði komið við hann eða á annan hátt orðið þess valdandi, að stefnandi missti jafnvægið.

Með vitnaframburði þessum verður að telja upplýst, að stefnandi hafi sleppt fótunum af handriðinu og vegið salt á því, misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig, án þess að nokkuð annað kæmi þar nærri.

Handriðið var 90 cm á hæð og fullnægði því byggingarreglugerð um hæð handriða. Handriðið var úr sléttu, krómuðu röri og bauð að því leyti upp á, að fólk settist á það. Ekki er unnt að fallast á með stefnanda, að það út af fyrir sig sé vanbúnaður.

Upplýst er, að sérstök hærri grind, 120 cm á hæð, hafi verið sett við handriðið á þeim tveimur stöðum, þar sem stigagangar eru fyrir neðan, og að hún hafi verið sett af stefnda hálfu eftir slys, sem varð á sama stað í febrúar 1986. Þessi sérstaka upphækkun er nú á staðnum og var sett upp að nýju eftir slys stefnanda, en hafði verið tekin niður af stefnda hálfu. Þessi sérstaka hækkun beinir athygli manna að því, að á þessum stað sé sérstök hættu. Þegar hún er uppi, má telja mjög ólíklegt, að fólk setjist á hana. Þessi upphækkun hafði verið tekin burtu og var ekki á fyrri stað sínum í veitingahúsinu, þegar stefnandi settist á handriðið og missti jafnvægið með hinum hörmulegu afleiðingum. Forsvarsmenn stefnda höfðu séð, að sérstök hættu var á þessum stað, og þess vegna látið setja upphækkunina. Ef upphækkunin hefði verið á sínum stað kvöldið, sem slysið varð, verður að telja yfirgnæfandi líkur fyrir því, að stefnandi hefði ekki sest á þessum stað og því ekki fallið 3,60 metra á höfuðið niður í stigann. Hann hefði getað sest og fallið aftur fyrir sig til hliðar við þennan stað, en komið þar niður á borð eða stóla. Ef upphækkunin hefði verið, hefði því slys stefnanda ekki orðið eins og það varð.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að orsök þessa slyss sé bæði gálaust athæfi stefnanda sjálfs og sú vangæsla forsvarsmanna stefnda að hafa fjarlæggt upphækkunina á handriðinu, sem átti að draga úr hættu á þessum stað. Verður að skipta sök að jöfnu, og verður stefnandi því að bera helming tjóns síns sjálfur, en stefnda bæti honum það að hálfu.

Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Örorkutjón	kr. 23.000.000,00
Miskabætur	“ 2.000.000,00
	<u>Kr. 25.000.000,00</u>

Um örorkutjón vísar lögmaður stefnanda til útreiknings Guðjóns Hánsens tryggingafræðings, dags. 11. janúar 1988, þar sem verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi er talið nema 20.252.605,00 kr. Útreikningur tryggingafræðingsins er reistur á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dags. 16. desember 1986, sem mat örorku stefnanda 100% varanlega frá slysdegi að telja. Örorkumat Jónasar Hallgrímssonar er svohljóðandi:

„Oddur slasaðist á skemmtistaðnum „Broadway“ 2.6. 1986. Hann var fluttur á slysadeild Borgarspítalans og þaðan á gjörgæsludeild sama spítala, þar sem hann var í umsjá heila- og taugaskurðeildar. Liggur fyrir vottorð Bjarna Hannessonar læknis, dagsett 12.11. 1986, en þar segir svo:

„Oddur Vífilsson var fluttur á slysadeild Borgarspítalans kl. 3 að nóttu 2.6. '86. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkraflutningamönnum mun sjúklingur hafa fallið um 3 metra á skemmtistaðnum „Broadway“ og lent á höfði. Sjúklingur mun þegar hafa verið orðinn meðvitundarlaus. Við komu á slysadeild er sjúklingur djúpt meðvitundarlaus, hann svarar ekki neinum sársaukastimulusum, pupillur eru víðar og svara ekki ljósi. Hann hefur engin sinaviðbrögð. Blþr. var 140/80, það blæddi úr hægri eyra, en ekki önnur áverkamerki á sjúklingi að finna. Sjúklingur hafði því ein-kenni um mjög alvarlegan heilaáverka, þar sem ljósop svöruðu ekki ljósi og hann var lamaður í öllum útlimum. Var byrjað á því að gefa honum mannitol i.v., og sjúklingur var intuberaður, og andað var fyrir sjúkling. Við það dróst hægri pupilla saman, en hin vinstri svaraði ekki. Hann var síðan fluttur í tölvusneiðmynd, og sýndu myndir geysistört subdural hematoma og mar í vinstri heilahelmingi með mikilli tilfærslu á miðlinustructurum. Sjúklingur var síðan þegar fluttur á gjörgæslu og gerð á honum vinstri cranio-tomia og tæmd út blæðing og hreinsaður burtu marinn og kraminn heili. Í lok aðgerðar hafði ástand sjúklings batnað svo, að bæði ljósop voru jöfn og saman dregin. Hann var síðan í öndunarvél á gjörgæslu. Hinn 3.6. '86 var gerður á sjúklingi barkaskurður, þar sem sjúklingur þurfti að vera áfram í öndunarvél, og þurfti að auðvelda honum þá meðferð. Síðan var sjúkl. aftur tekinn á skurðstofu 18.6. '86, vegna þess að í ljós hafði komið við tölvusneiðmyndir, að sjúklingur hafði myndað vatnshöfuð, sem er afleiðing af höfuðáverkanum, og sömuleiðis hafði safnast saman gamalt blóð á milli heilahvelanna. Í þeirri aðgerð var blæðingin tæmd út og lögð slanga inn í heilahólf og mænuvökvinn leiddur út til þess að létta þrýstingi á heila. Sjúklingur var síðan tekinn aftur til aðgerðar 24.6., og var þá þessu framhjálaupi breytt í varanlegt shunt og gert ventriculo-peritoneal shunt. Sjúklingi heilsaðist vel eftir þá aðgerð. Síðan var 30.6. gerð síðasta aðgerðin, og var þá beindiskur, sem fjarlægður hafði verið við fyrstu aðgerð, settur aftur á sinn stað, og grer það sár vel án nokkurrar ígerðar. Ástand sjúkl-

ings fór síðan smábatnandi, og hann útskrifaðist af gjörgæslu 1.7. '86. Í þá 30 daga, sem sjúklingur var á gjörgæsludeild, var hann í öndunarvél 14 daga. Eftir að sjúklingur kom á almenna legudeild, fór ástand hans smábatnandi, og hann útskrifaðist af Borgarspítalanum 20.7. '86 og fluttist þá á Reykjalund til frekari endurhæfingar.

Við brottför af Borgarspítala var sjúklingur kominn til meðvitundar, en gat þó ekki tjáð sig og skildi ekki það, sem við hann var sagt. Hann var með lömum í hægri hlið líkamans og hafði ekki stjórn á hægðum né þvaglátum, en sjúkl. var farinn að fara niður í hjólastól og virtist fylgjast með umhverfi sínu að einhverju leyti. Sjúklingur hefur síðan verið í meðferð og eftirliti hjá læknum heilsuhælisins Reykjalundi, og vísað til þeirra lækna um ástand sjúklings í dag.

Áverkar sjúklings voru því:

Acut subdural vi.megin með miklu heilamari og bjúg í lobus frontalis og parietale vi.megin. Post traumatiskur hydrocephalus. Post traumatisk hægri hemiplegia með global afasi.“

Enn fremur liggur fyrir vottorð Hjördísar Jónsdóttur, sérfræðings í orku- og endurhæfingu við endurhæfingarmiðstöðina á Reykjalundi, dagsett 9. desember 1986, og segir þar svo:

„Um er að ræða 24 ára gamlan, ógiftan bifvélavirkja, sem 1.6. '86 féll milli hæða á skemmtistaðnum „Broadway“, fall um 3 metrar. Hann missti strax meðvitund og var fluttur á slysadeild Borgarspítala. Við komu þangað blæddi úr vinstra eyra, pupillur voru miðstæðar, en svöruðu ekki ljósi.“

Acut CT sýndi stórt subduralt hematoma yfir vi. hemispheru og contusio á lobus frontalis vinstra megin. Gerð var acut aðgerð, þar sem hematomið var tæmt út. Var það undir miklum þrýstingi. Eftir að hematomið hafði verið fjarlægt, byrjaði heilinn að þenjast, og var talsvert mar í frontala lobnum. Varð að gera partial resectio á honum. Í byrjun var Oddur í öndunarvél, og gera þurfti tracheostomíu.

Við kontrol CT hinn 19.6. sáust hydrocephalus og hematoma milli heilahvela í fals cerebri. Þurfti að setja inn tvö dren, annað intra ventriculert, en hitt extraduralt við fals.

Hinn 24.6. var sett ventriculo peritoneal shunt. Hinn 30.6. var beinbitinn settur aftur í defectinn eftir craniotomíuna. Hinn 1.7. var Oddur fluttur á almenna deild.

Í dagál frá 19.6. er talað um, að sjúkl. sé enn meðvitundarlaus, paretiskur hægra megin, en með góðar hreyfingar vinstra megin.

Hinn 25.6. er reynt að gefa honum að drekka, en hann aspireraði að líkindum og fékk háan hita á eftir.

Í lok júní fer hann að vakna til meðvitundar, fylgir eftir með augum, en reynir ekki að svara. Hvorki continent á þvag né hægðir.

Kemur á Reykjalund 20.7. til áframhaldandi endurhæfingar. Við komu er Oddur vakandi og virðist fylgjast vel með, notar svipbrigði til að svara einföldum spurningum já eða nei og sýna, hvort honum líkar betur eða verr. Erfitt að meta, hversu mikið hann skilur talað mál.

Hægri hemiparesa meira í handlegg en fæti. Ekki hægt að meta skyn. Central facialis paresa hægra megin. Auknir reflexar hægra megin. Tonusaukning og positívur babinski báðum megin. CT-mynd af höfði, tekin 21.8. '86, sýnir dilatatio á vinstra framhorni og afturhorni vegna taps á parenchymi. Á um 3x4 cm stóru svæði í miðri vinstri frontal region sjást lág þéttnisvæði. Vinstra temporalhorn mikið dilaterað vegna taps á substance, fjórfalt á við normalt. Spatium subarachnoidale breikkað báðum megin.

Konsult hjá háls-, nef- og eyrnalækni 29.7. '86: Sést á aftari hluta raddbanda og ekki merki um neina paresu. Seinir reflexar í gómi, en getur lyft mjúka gómnum. Hreyfir tunguna lítið, en þegar togað er í hana, togar hann á móti með góðum tonus. Ekkert kemur fram við skoðun, sem hindrar, að sjúklingur ætti að geta gefið frá sér hljóð. Spurning, hvort þetta apraxia og komi með tímanum.

Konsult hjá augnlækni 30.10. '86: Virðist sjá eðil. frá sér. Latent fjar-sýni á báðum augum, + 2,75. Manifestur divergerandi strabismus, einkum fjær. Engin merki um rýrnun á sjóntaugum. Sjónsvið virðist eðlil. á báðum augum (confrontation).

Heildarniðurstaða er sú, að sjónfunctionin sé að mestu eðlileg, en hann hafi þó lengda fjar-sýni, sé örlítið rangeygður og sjái e.t.v. tvöfalt, a.m.k. við lit í vissar áttir.

Oddur hefur dvalist að Reykjalundi frá 20.7. '86. Hann hefur verið í stífri endurhæfingu, þar sem meðal annars hefur verið fengin talþjálfun, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun.

Oddur er nú að mestu leyti incontinent, bæði á hægðir og þvag, getur klætt sig, en á það til að gleyma að fara úr óhreinum fötum og fer í þau hreinu utan yfir, á erfitt með að bursta tennur, virðist ekki skilja, hvernig á að gera þá hreyfingu, og gleymir oft að þvo sér, ef hann er ekki minntur á. Hann hefur enga hreyfigetu í hægri handlegg, sem er mjög spastiskur.

Oddur getur nú gengið, er með drop-fót og gengur með því að circumductera. Hann vill gjarnan styðja sig við vegg eða mann, er öryggislaus aleinn.

Í talþjálfun hefur áhersla verið lögð á að kenna Oddi að þekkja aftur tölustafi, geta reiknað einföld dæmi og að þekkja bókstafina. Auk þess hefur verið reynt að laða fram röddina. Röddin er nú að koma, Oddur getur reiknað einföldustu dæmi og sagt einföldustu orð, en notar þau mjög lítið í venjulegum samskiptum. Samskiptin fara að mestu leyti fram með „táknmáli“, en Oddur virðist nú að mestu skilja það, sem við hann er sagt.

Oddur hefur hlotið mjög alvarlegan heilaáverka. Þrátt fyrir stífa endurhæfingu í hálfu ári er vitundarstarfsemin (cognitiv function) mikið skert. Hann getur hvorki tjáð sig með tali né skrift. Hann á í erfiðleikum með vissa þætti daglegs lífs, og hann er með hægrihelftarlömum.

Þar sem hálfu ári er liðið frá slysinu, er ekki við því að búast, að miklar framfarir geti orðið. Oddur mun þannig alla tíð verða verulega skertur, bæði andlega og líkamlega, sem er afleiðing af þessu slysi. Hann mun að öllum líkindum ekki getað búið nema í vernduðu umhverfi, og ef hann kemur til með að geta stundað eitthvert starf, mun það verða í vernduðu umhverfi.“

Niðurstaða.

Undirritaður hefur ekki skoðað Odd og gerir örorkumat þetta eingöngu eftir ofangreindum tveimur vottorðum. Í síðara vottorðinu frá Reykjalundi, tveimur síðustu málsgreinunum, kemur fram, að starfsorka Odds er nú engin og að ekki eru líkur á neinum framförum að ráði úr þessu. Hann verður því varanlegur öryrki alla tíð.

Örorka Odds vegna slyssins er því 100% varanleg frá og með slysdegi 2.6. 1986.“

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda af völdum slyssins. Í fyrri skýrslu, sem dagsett er 2.mars 1987, segir:

„Samkvæmt staðfestum ljósrítum skattframtala fyrir starfsárin 1983-1985 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1983	kr. 517.190,00
“ 1984	“ 611.920,00
“ 1985	“ 827.864,00

Þegar tillit er tekið til kauplags, eru vinnutekjur Odds þessi þrjú ár afar jafnar, og í samanburði við algengar vinnutekjur iðnaðarmanna eru þær háar.

Til grundvallar tjónsútreikningi í máli þessu hef ég lagt ofangreindar vinnutekjur Odds árin 1983 - 1985 og umreiknað þær með tilliti til breytinga á kauphöxtum að með töldum um sömdum almennum hækkunum 1. júní og 1. október nk. Með þessu móti reiknast mér árlegar vinnutekjur verða sem hér segir:

Árið 1986, frá slysdegi	kr. 1.080.652,00
“ 1987	“ 1.176.434,00
Eftir þann tíma	“ 1.200.839,00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og algert tekjutap frá slysdegi í samræmi við áður nefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 17.589.678,00.

Við útreikning þennan hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá sjúkrasamlagi, Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum aðilum. Hjá Tryggingastofnun ríkisins hef ég fengið þær upplýsingar, að enn hafi örorka Odds samkvæmt 12. gr. almannatryggingalaga ekki verið metin. Sé gert ráð fyrir greiðslu almenns örorkulífeyris og óskertrar tekjutryggingar frá 1. júní 1987 að telja (sjúkradagpeningar eru að jafnaði ekki greiddir legur en 52 vikur), reiknast mér árlegar bótafjárhæðir verða sem hér segir:

	Alm. örorku- lífeyrir kr.	Óskert tekju- trygging kr.
Árið 1987, júní-des.	90.372,00	132.399,00
Eftir þann tíma	91.140,00	133.524,00

Hér hefur verið reiknað með hækkun bóta 1. júní og 1. október nk. til samræmis við um samdar almennar launahækkanir.

Sé gert ráð fyrir greiðslu þessara bóta almannatrygginga frá 1. júní 1987 til 67 ára aldurs Odds, er ellilífeyrir tekur við, reiknast mér verðmæti þeirra á slysdegi nema:

Verðmæti almenns örorkulífeyris kr. 1.234.147,00

Verðmæti óskertrar tekjutryggingar “ 1.808.078,00

Örorka Odds mun veita honum rétt til lífeyris úr lífeyrissjóði, og er því ekki tilefni til að reikna með tapi lífeyrissjóðsréttinda af völdum slyssins.

Tekið skal fram, að við útreikning á verðmæti bóta almannatrygginga hefur ekki verið tekið tillit til þeirra takmarkana, sem á bótaréttinum eru, sbr. 19. gr. og síðustu mgr. 51. gr. almannatryggingalaga.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlífendatöflum íslenskra karla 1976 - 1980. Vextir eru reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreikningsdags $\frac{2}{3}$ 1987 er reiknað með almennum sparissjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til fram-
býðar.“

Í hinni síðari, sem dagsett er 11. janúar 1988, segir:

„Við eftirfarandi útreikning er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á kaupsvöxtum síðan í mars 1987, svo og til upplýsinga kjararannsóknarnefndar um launabróun á 4. ársfjórðungi 1986 og framan af ári 1987. Enn fremur er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á bótafjárhæðum almannatrygginga.

Vextir eru að þessu sinni reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreiknings-

dags, 11/1 1988, er að beiðni yðar reiknað með einföldum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

Með þeim hækkunum, sem að ofan er getið, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, verða sem hér segir:

Árið 1986, frá slysdegi	kr. 1.080.652,00
“ 1987	“ 1.395.300,00
Eftir þann tíma	“ 1.491.180,00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og algert tekjutap frá slysdegi reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 20.252.605,00.

Með áðurnefndum hækkunum á bótum almannatrygginga verða árlegar fjárhæðir almenns örorkulífeyris og óskertrar tekjutryggingar sem hér segir:

	Alm. örorku- lífeyrir kr.	Óskert tekju- trygging kr.
Árið 1987, júní-des.	93.790,00	162.888,00
Eftir þann tíma	102.420,00	182.964,00

Þegar reiknað er með greiðslu þessara bóta frá 1. júní 1987 til 67 ára aldurs Odds, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Verðmæti almenns örorkulífeyris kr. 1.289.600,00

Verðmæti óskertrar tekjutryggingar “ 2.301.412,00

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Þegar litið er til álitsgerða Guðjóns Hansens tryggingafræðings, óvissu um almennan örorkulífeyri og tekjutryggingu til handa stefnanda, hagræðis af skattfrelsi bóta og eingreiðslu þykir fjártjón stefnanda hæfilega metið 15.000.000,00 krónur.

Að framn er lýst slysi stefnanda og röskun á lífi hans af þess völdum. Miski hans þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000,00 krónur.

Samkvæmt þessu verða bætur þær, sem stefnda verður gert að greiða stefnanda, þessar:

Vegna fjártjóns helmingur af 15.000.000,00 kr., 7.500.000,00 kr., og vegna miska helmingur af 1.000.000,00 kr., 500.000,00 kr. Verður stefnda því dæmt til að greiða stefnanda 8.000.000,00 kr. með vöxtum. Rétt þykir, að almennir sparisjóðsvestir reiknist frá slysdegi til 1. júní 1987, en frá þeim tíma dráttarvextir, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987. Einnig verður stefnda gert að

greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 500.000,00 krónur.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., greiði stefnanda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl. f.h. Odds Vífilssonar, 8.000.000,00 kr. með 9,5% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, með 10,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, en með áframhaldandi dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1988, og 500.000,00 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.
